

Ár 2007, september, er á dómþingi Héraðsdóms Suðurlands, sem háð er að Austurvegi 4, Selfossi, kveðinn upp í máli nr. S-214/2007:

Ákærvaldið

(Steinunn Fjóla Sigurðardóttir ftr.)

gegn

A

(Björgvin Jónsson hrl.)

svofelldur

d ó m u r :

Mál þetta, sem þingfest var þann 10. maí sl., var höfðað með ákæru lögreglustjórans á Selfossi, dagsettri 18. apríl 2007, á hendur A, kt. 000000-0000, refsifanga í fangelsinu að Litla-Hrauni, Eyrarbakka,

„fyrir brot gegn tolla- og lyfsölulögum

með því að hafa einhvern tímann á árinu 2006, veitt viðtöku af ónafngreindum manni 2 ml af anabólíska stungulyfinu Trenbolon, 1 ml af Testosteron stungulyfi og 96 töflur með anabólískri verkan (metandróstenólón) sem ákærði vissi eða mátti vita að hefðu verið ólöglega innfluttar og hafði í vörslu sinni í klefa nr. B í fangelsinu að Litla Hrauni, Eyrarbakka og fangaverðir fundu við leit í klefanum að kvöldi föstudagsins 24. nóvember 2006.

Telst brot ákærða varða við 1. mgr. 171. gr. sbr. 169. gr. tollalaga nr. 88, 2005 sbr. 1. tl. 3. mgr. 9. gr. reglugerðar um tollmeðferð vara sem ferðamenn og farmenn mega hafa með sér við komu til landsins nr. 526/2000 og 5. mgr., sbr. 1. og 2. mgr. 51. gr., sbr. 1. mgr. 68. gr. lyfsölulaga nr. 30,1963.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar. Einnig er þess krafist að lyf sem haldlögð voru ofangreint sinn verði gerð upptæk skv. 4. mgr. 48. gr. lyfjalaga nr. 93,1994 og 2. mgr. 68. gr. lyfsölulaga nr. 30,1963 og 1. mgr. 181. gr. tollalaga nr. 88, 2005.“

Ákærði mætti við þingfestingu málsins þann 10. maí sl. en þá var málinu frestað þar sem ákærði er frá Litháen og þarfnadist túlks. Málið var aftur tekið fyrir þann 15. maí sl., og neitaði ákærði þá sök. Aðalmeðferð fór fram þann 10. september sl. Krafðist ákærði sýknu en til vara vægustu refsingar sem lög leyfa auk þess að krafist var málsvarnarlauna.

Málsatvik:

Samkvæmt skýrslu fangavarða þann 24. nóvember 2006 kemur fram að klefaleit hafi verið gerð hjá ákærða þann sama dag. Hafi ákærða verið boðið að vera viðstaddur leitina, sem hann þáði. Þá hafi fundist ein sprauta, tvær nálar, níutíu og átta bleikar litlar töflur í plastpoka og tvær ambútur með svörtum miða sem á stóð „supertest og trenbolone acetate“. Hafi þessir hlutir verið vafðir inn í klósettpappír og faldir inni í hátalaraboxi við hliðina á sjónvarpi. Eitt spjald með átta brúnum töflum sem á stóð „neo citramonas“ hafi verið á hillu hægra megin þegar gengið var inn í klefann. Eitt stykki vasahnífur, 11 cm langur með grænu skafti, hafi verið í vasa á rauðum jakka sem var hengdur upp í fataskáp. Þá kemur fram í athugasemdum í skýrslunni að fanginn segist ekki eiga það sem fannst í hátalaraboxinu og kannaðist ekki við það en brúnu töflurnar væru verkjalyf sem hann hefði fengið send heiman frá sér. Þá segir í skýrslunni undir liðnum athugasemdir að í klefa ákærða hafi fundist ýmis matur, svo sem dósamat, matur í krukku, pakkasúpur og fleira sem honum væri óheimilt að hafa í klefa sínum, en hann hafi fengið þennan mat sendan frá fjölskyldu sinni erlendis frá. Í upplýsingaskýrslu lögreglunnar kemur fram að 29. nóvember 2006 hafi Þór Hafdal, deildarstjóri á Litla-Hrauni, haft samband og tilkynnt að ætlaðir sterar og lyf hafi fundist í klefa ákærða þann 24. nóvember sl. Hafi lögreglumáður sótt efnin í fangelsið og afhent skýrsluritara. Þá eru sömu efni talin upp sem greind eru í skýrslu fangavarða. Engin frekari rannsókn virðist hafa farið fram á tilurð efnanna.

Skýrslur aðila og vitna fyrir dómi.

Ákærði gaf skýrslu fyrir dómi og kvaðst ekki hafa átt ofangreind efni utan verkjalyf sem hétu citramonas og fundust við leit í klefa hans í umrætt sinn. Kvaðst ákærði hafa staðið í dyragætt fangaklefans á meðan leit fór fram en hann hefði ekki séð þegar efnin fundust og honum hefði einungis verið sýnd mynd af efnunum tveim dögum síðar. Ákærði kvaðst hafa fengið umrædda hátalara hjá öðrum fanga, sem hann hafði ekki nafnið á, en sá fangi væri farinn úr fangelsinu. Mundi ákærði ekki hvort það var í byrjun refsivistar en hann kvaðst hafa dvalið á annarri deild fyrstu tvo mánuði vistarinnar en svo verið færður í þann klefa sem hann dvelur í núna og var í þegar leitin fór fram. Kvaðst ákærði tengja hátalarann við sjónvarpið en ákærði kvaðst vera með fimm hátalara í klefa sínum til að fá sem mest hljómgæði. Ákærði kvaðst ekki hafa vitað um efnin í hátalaranum. Kvað hann þann möguleika vera fyrir hendi að efnin hafi verið í hátalarnum þegar hann fékk hann eða að annar fangi hafi komið efnunum fyrir í klefa hans en klefínn stæði alla jafna opinn á daginn nema þegar hann væri við vinnu. Því hafi aðrir fangar aðgang að klefa hans.

Vitnið Björg Elísabet Ægisdóttir fangavörður kom fyrir dóminn. Kvað hún að um venjubundna klefaleit hafi verið að ræða þegar efnin fundust í klefa ákærða. Efnin hefðu fundist í hátalaraboxi við hliðina á sjónvarpinu. Ákærði hefði verið

viðstaddur leitina og honum sýnd efnin um leið og þau fundust en hann kvaðst ekki kannast við þau. Aðspurt um það hvort umrætt hátalarabox hafi verið í eigu ákærða frá upphafi kvaðst vitnið telja það víst, að það hafi verið í eigu ákærða frá upphafi, því fangar verði að sækja um aukabúnað í klefa, sem séu öll tæki sem væru þar inni, og tækin væru merkt föngum og innsiglið. Aðspurt um það hvort ákærði hafi getað fengið umræddan hátalara hjá öðrum fanga kvaðst vitnið ekki geta svarað fyrir það. Fangar gætu flutt tæki á milli klefa eða fanga en það væri brot á húsreglum. Kannanir færu fram af og til í klefum fanga vegna þessa og ef tæki fyndust sem ekki tilheyrðu viðkomandi fanga þá væru þau tekin af þeim. Aðspurt hvort það hafi verið kannað í umrætt sinn hvort umræddur hátalari tilheyrði ákærða eða öðrum fanga kvað vitnið það ekki hafa verið gert og gat ekki staðfest að hátalarinn hafi tilheyrð ákærða né heldur hversu lengi hann hafi verið í klefa ákærða. Þá kvað vitnið enga þvag- eða blóðprufu hafa verið tekna af ákærða til að kanna hvort hann hefði sjálfur notað efnin. Aðspurt kvað vitnið að föngum væri tilkynnt við komu að þeir bæru ábyrgð á klefum sínum auk þess að þeir hefðu lykla af klefum sínum.

Vitnið Baldur Gauti Tryggvason fangavörður kom fyrir dóminn og kvaðst hafa verið við umrædda leit. Hefði ákærði verið viðstaddur og séð þau efni sem fundust við leitina. Kvað vitnið ákærða hafa neitað því að eiga efnin. Aðspurt um það hvort ákærði hafi átt hátalarabóxið sem efnin fundust í kvaðst vitnið ekki vita það, það hafi ekki verið kannað. Aðspurður um þær reglur sem giltu í fangelsinu um flutning tækja eins og hátalara á milli fanga eða klefa kvað vitnið að það ætti ekki að vera hægt, það væri eftirlit með því hvað þeir væru með í sínum klefum. Hvert tæki sem hver fangi væri með væri skráð með númerum. Ekki hefði verið kannað í umrætt sinn hvort umræddur hátalari tilheyrði ákærða eða ekki og gat vitnið ekki staðfest það.

Vitnið Jakob Líndal Kristinsson dósent gaf skýrslu í síma fyrir dómi. Staðfesti hann matsgerð þá sem liggur fyrir í málinu og niðurstöður hennar.

Niðurstöður:

Ákærði neitaði sök fyrir dómi. Þá neitaði ákærði því að eiga efnin er þau voru borin undir hann, hvort sem það var gert strax er þau fundust í klefa hans eða tveimur dögum síðar eins og ákærði heldur fram. Ákærði hélt því fram fyrir dómnum að annar fangi hefði gefið sér umræddan hátalara sem efnin fundust í þegar sá fangi yfirgaf fangelsið. Ákærði kvaðst hafa dvalið í fangelsinu frá 13. febrúar 2006 en hann mundi ekki hvort honum hafði áskotnast hátalarinn á fyrstu tveimur mánuðunum sem hann dvaldi í fangelsinu eða eftir að hann var færður á aðra deild.

Vitnin Björg Elísabet Ægisdóttir og Baldur Gauti Tryggvason fangaverðir tjáðu dómnum að ákveðnar reglur væru um flutning tækja og búnaðar á milli fanga í fangelsinu og væru tæki merkt föngunum og skráð sérstaklega en sækja þyrfti um leyfi til þess að fá að hafa tæki og búnað í klefunum. Kváðu þau að eftirliti með

tækjabúnaði væri háttað þannig að farið væri í hefðbundnar leitir og ef tæki fyndust í klefum sem ekki tilheyrðu viðkomandi fanga væru þau tekin af honum. Hvorugt vitnið vissi hvort umræddur hátalari tilheyrði ákærða og kváðu það hvorki hafa verið kannað þegar efnin fundust í honum né síðar. Þótt frásögn ákærða um tilurð hátalarans sé afar ótrúverðug þá liggur ekkert fyrir í málinu um það hvort umræddur hátalari hafi tilheyrt ákærða eða ekki og hvort frásögn hans geti verið rétt um það. Samkvæmt vætti tveggja fangavarða sem stóðu að leitinni gilda ákveðnar reglur um vörslur tækja og búnaðar í fangaklefum. Ekki var hins vegar í umrætt sinn gengið úr skugga um það hverjum hátalarinn tilheyrði en það hefði verið hægðarleikur, samkvæmt því kerfi sem notað er við skráningu tækja, og full ástæða við rannsókn slíkra mála sem þessa. Sérstaklega er þörf á slíku fyrst ástæða þykir innan fangelsisins að hafa eftirlit og strangar reglur um vörslur búnaðar í fangaklefum. Þá er ljóst af gögnum málsins að fangar geta fengið send og borið í klefa sína matvörur eins og kemur fram í skýrslu fangavarða. Metur dómurinn þáð svo að fyrst fangar geti safnað til sín utan frá og geymt matvöru í fangelsinu án vitneskju fangavarða þá séu einnig líkur fyrir því að ýmis annar búnaður geti gengið á milli fanga án eftirlits þrátt fyrir að það brjóti í bága við reglur fangelsisins. Styður það frásögn ákærða um tilvist hátalarans. Verður því að telja að ákærvaldinu hafi ekki tekist að sanna, svo hafið sé yfir allan vafa, að umrædd efni hafi tilheyrt ákærða eða hann hafi mátt vita um þau og því ekki lögfull sönnun fram komin um sekt hans. Breytir þar engu um að fangar séu ábyrgir fyrir klefum sínum og því sem þar er. Verður ákærði því sýknaður af kröfum ákærvaldsins.

Upptæk skulu gerð 2 ml af stungulyfinu Trenbolon, 1 ml af stungulyfinu Testosteron og 96 töflur með anabolískri verkan eins og greinir í ákæru.

Með vísan til 166. gr. laga um meðferð opinberra mála skal allur sakarkostnaður greiddur úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Björgvins Jónssonar hæstaréttarlögmanns, 187.746 krónur, auk aksturskostnaðar, 27.105 krónur. Hefur þá verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Steinunn Fjóla Sigurðardóttir fulltrúi sótti mál þetta fyrir hönd ákærvaldsins.

Ástríður Grímsdóttir héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

D ó m s o r ð :

Ákærði, A, skal vera sýkn af kröfu ákærvaldsins.

Upptæk skulu gerð 2 ml af stungulyfinu Trenbolon, 1 ml af stungulyfinu Testosteron og 96 töflur með anabolískri verkan eins og greinir í ákæru.

Allur sakarkostnaður, þar með talin málsvarnarlaun og akstur skipaðs verjanda ákærða, Björgvins Jónssonar hæstaréttarlögmanns, 214.851 króna, skal greiddur úr ríkissjóði.

Ástríður Grímsdóttir.